Karl Gunnarsson, Guðrún G. Þórarinsdóttir og Óskar Sindri Gíslason

Framandi sjávarlífverur við Ísland

Æ fleiri framandi sjávarlífvera verður vart í strandsjónum við Ísland. Alls er vitað af fimmtán tegundum og hefur um helmingur þeirra numið hér land á undanförnum tveimur áratugum. Meðal þeirra eru sex tegundir þörunga, svifþörungarnir *Heterosigma akashiwo*, *Stephanopyxis turris* og *Mediopyxis helysia*, og botnþörungarnir sagþang (*Fucus serratus*), rauðflóki (*Bonnemaisonia hamifera*) og hafkyrja (*Codium fragile*); fjögur krabbadýr, grjótkrabbi (*Cancer irroratus*), sandrækja (*Crangon crangon*), fitjafló (*Orchestia gamarellus*) og ögnin *Praunus flexuosus*; tvær samlokur, hjartaskel (*Cerastoderma edulis*) og sandskel (*Mya arenaria*); eitt möttuldýr, glærmöttull (*Ciona intestinalis*); og tvær tegundir fiska, flundra (*Platichthys flesus*) og græni marhnútur (*Taurulus bubalis*). Flestar þessara tegunda hafa líklega borist til landsins með kjölfestuvatni skipa eða sem ásætur á skipsskrokkum. Einnig er mögulegt að nokkrar hafi borist með sandi eða grjóti úr fjörum, sem notað var sem kjölfesta.

Líklegt er að flestar tegundanna hafi borist frá Evrópu. Hefur það verið staðfest um þrjár tegundir með erfðafræðilegum samanburði á einstaklingum við Ísland og einstaklingum sömu tegundar annars staðar í Norður-Atlantshafi. Grjótkrabbi er eina tegundin sem örugglega hefur borist hingað frá austurströnd Norður-Ameríku. Allar tegundirnar hafa tekið sér bólfestu á grunnsævi hér við land.

Flestra tegundanna varð fyrst vart á suðvesturhorni landsins, þar sem skipaumferð er hvað mest við landið og sjávarhiti hæstur. Almennt verður aðeins lítill hluti framandi lífvera ágengur. Af þeim framandi tegundum sem hafa tekið sér bólfestu í sjó við Ísland eru það helst sagþang, grjótkrabbi, sandrækja, glærmöttull og flundra sem talið er að séu ágengar eða gætu orðið það.

Inngangur

Á síðustu áratugum hefur flutningur sjávarlífvera langt út fyrir náttúruleg heimkynni aukist verulega á heimsvísu. Áætlað er að á hverjum degi séu um 10 þúsund tegundir á ferðinni milli hafsvæða með skipum. Við strendur Evrópu uppgötvast að meðaltali ein ný framandi tegund aðra eða þriðju hverju viku.[1,2] Skilgreining framandi tegundar hefur verið nokkuð á reiki. Í núverandi umfjöllun telst tegund framandi ef hún hefur flust til nýrra heimkynna af mannavöldum, viljandi eða óviljandi, og nær að lifa þar af og fjölga sér. Aðalflutningsleiðir framandi sjávarlífvera eru taldar vera með skipum, annaðhvort utan á skipsskrokknum eða í kjölfestuvatni, með lifandi[4] eldisdýrum, þá sérstaklega skeldýrum, sem flutt eru milli svæða, og með efnivið í skrautfiskaræktun sem sendur er milli heimsálfa.[3,4]

Langstærsti hópur aðfluttra tegunda eru botnlífverur, þ.e. botnþörungar og botndýr.[2] Egg, okfrumur, gró og ungstig (t.d. lirfur) botnlífvera berast líklega aðallega með kjölfestuvatni sem skip tekur á einum stað og losar á öðrum. Ætla má að fullorðinsstig margra aðfluttra tegunda berist áföst við skipskrokka, losni svo af á nýjum stað og taki sér þar bólfestu. Skeldýr og fiskar hafa öldum saman verið flutt lifandi til eldis um langan veg. Slíkir flutningar eru enn í gangi um allan heim. Eldisdýr geta borið sjúkdóma (sníkjudýr, bakteríur og veirur) og einnig ásætutegundir sem geta tekið sér bólfestu í nýjum heimkynnum og hugsanlega ógnað þar staðbundnu lífríki.[5]

Veðurfarsbreytingar sem rekja má til athafna mannsins valda því að norðurheimskautsísinn er umfangsminni á sumrin en áður og hafa greitt fyrir náttúrulegum flutningi sjávarlífvera úr Norður-Kyrrahafi yfir í Norður-Atlantshafið.[6,7] Manngerðir skurðir milli aðskilinna heimshafa, svo sem Súesskurðurinn, hafa einnig auðveldað flutning tegunda milli heimshafa.[8]

Aðeins brot af þeim lífverum sem berast þannig langt frá heimkynnum sínum lifir flutningana af og enn færri tegundir þrífast við þau lífsskilyrði sem eru til staðar á nýja staðnum.[9,10] Mörg dæmi eru þó um að aðfluttum tegundum vegni betur á nýja staðnum en í náttúrulegum heimkynnum sínum. Oftast er þá ekki að finna neina náttúrulega óvini sem hugsanlega gætu haldið tegundinni í skefjum á nýja staðnum[11] og geta aðfluttu tegundirnar þá orðið ágengar. Ágeng telst sú framandi lífvera sem veldur skaða í vistkerfi eða er skaðleg heilsufari manna eða veldur efnahagslegu tjóni (sbr. skilgreiningu Alþjóða-náttúruverndarsamtakanna, IUCN). Skaðinn getur verið smávægilegur en einnig mjög alvarlegur. Mörg ár, jafnvel áratugir, geta liðið þar til hægt er að meta áhrif aðfluttra tegunda á lífríkið.[9] Ekki verða allar framandi sjávarlífverur ágengar og er erfitt að spá fyrir um við hvaða aðstæður það gerist. Miklu skiptir magn innfluttra lífvera og hversu oft þær berast, einnig hvort hið nýja umhverfi er svipað því upprunalega, og hvort um náttúrulega óvini er að ræða í hinum nýju heimkynnum. Til að meta hvort líklegt sé að viðkomandi tegund verði ágeng getur verið gott að athuga hvernig tegundinni hefur vegnað annars staðar þar sem hún hefur verið flutt inn.

Í núverandi umfjöllun telst framandi tegund sem ekki er vitað hvort hafi áhrif á lífríkið, vera „mögulega ágeng“, ef hún hefur alla burði til að verða ágeng og á sér sögu um ágengni annars staðar frá.

Á undanförnum áratugum hefur fundist fjöldi tegunda í strandsjónum við Ísland sem ekki voru þekktar hér áður.[12,13,14] Oft er erfitt að meta hvort um er að ræða nýja landnema eða hvort auknar rannsóknir valda því að fleiri tegundir finnast. Sé um að ræða nýja landnema getur einnig verið erfitt að segja til um hvort þeir hafa borist hingað með náttúrulegum hætti, t.d. í kjölfar breyttra umhverfisaðstæðna af náttúrulegum orsökum sem gera þeim kleift að nema land á nýjum slóðum, eða hafa borist hingað beint eða óbeint af mannavöldum. Við slíkt mat er gagnlegt að skoða útbreiðslusögu tegundanna, t.d. hvort þær eru upprunnar á fjarlægum hafsvæðum, og líklegt að þær hafi dreifst af mannavöldum.

Í þessari samantekt er fjallað um allar tegundir framandi sjávarlífvera sem fundist hafa í strandsjónum við Ísland og taldar eru hafa borist hingað af mannavöldum. Þessar tegundir hafa ýmist fundist hér ítrekað og/eða í miklu magni og teljast því hafa tekið sér bólfestu hér við land. Að því er virðist lifa flestar þessara framandi tegunda hér án þess að hafa neikvæð áhrif á lífverur sem fyrir eru. Sumar tegundirnar eru hins vegar ágengar eða gætu orðið það. Útbreiðslu tegundanna við landið er lýst, líklegum flutningsleiðum, og áhrifum á lífríkið. Til frekari fróðleiks er lesendum bent á ágætt yfirlit um framandi og ágengar tegundir í greinum sem birst hafa nýlega í Náttúrufræðingnum.[15,16]

Svifþörungar

Heterosigma akashiwo (Y. Hada) Y. Hada ex Y. Hara & M. Chihara

Í maí 1987 varð mikill laxadauði í eldiskvíum í Hvalfirði. Á sama tíma varð vart við blóma svifþörungsins *Heterosigma akashiwo* (1. mynd) og var talið að hann hefði valdið fiskadauðanum.[17] Þetta er í eina skiptið sem þessi tegund hefur fundist hér við land. Hugsanleg skýring er að tegundin hafi borist til landsins um þetta leyti, e.t.v. með kjölfestuvatni, skilyrði verið hagstæð fyrir hana þá og hún fjölgað sér mikið. Hún hafi síðan ekki lifað af þau skilyrði sem henni voru búin það sem eftir var ársins, eða lagst í dvala. *H. akashiwo* er algeng við strendur Evrópu og er ekki ólíklegt að hún geti blómstrað hér aftur.



1. mynd. Svifþörungurinn Heterosigma akashiwo. *Ljósm./Photo: Wenche Eikrem og Jahn Throndsen.*

Tegundin barst sennilega af mannavöldum úr Kyrrahafi í Norður-Atlantshaf[18] þar sem hún hefur fundist víða og oft valdið tjóni í fisk- og skeldýraeldi. Hér á landi verður tegundin að teljast hafa verið ágeng.

Stephanopyxis turris (Greville & Arnott) Ralfs

Kísilþörungurinn *Stephanopyxis turris* (2. mynd) fannst fyrst hér við land sumarið 1997. Hann fannst í sýnum úr Hvalfirði.[19,20] Margar athuganir höfðu verið gerðar á svifþörungum í Hvalfirði og í Faxaflóa allt frá aldamótunum 1900 án þess að tegundin hefði fundist. Síðan tegundin fannst fyrst hefur hún oft fundist í Hvalfirði í þónokkrum þéttleika. Við teljum því líklegt að hún hafi borist inn á svæðið af mannavöldum skömmu áður en hún fannst þar fyrst. Á seinni árum hefur *S. turris* fundist víða í Faxaflóa og í Breiðafirði og hefur að öllum líkindum borist þangað úr Hvalfirði. Náttúruleg heimkynni tegundarinnar eru á strandsvæðum við Evrópu og við austurströnd Norður-Ameríku.



2. mynd. Svifþörungurinn Stephanopyxis turris. *Ljósm./Photo: Karl Gunnarsson.*



3. mynd. Svifþörungurinn Mediopyxis helysia. *Ljósm./Photo: Karl Gunnarsson.*

Mediopyxis helysia Kühn, Hargraves & Hallinger

Mediopyxis helysia (3. mynd) fannst fyrst við Ísland árið 2007 í Breiðafirði og hefur fundist þar í allmörg skipti síðan.[20] Tegundin fannst einnig í sýnum úr Tálknafirði frá árinu 2008 (Hafsteinn Guðfinnsson, munnl. uppl.) og í Hvalfirði fannst hún fyrst 2010.

Tegundin *M. helysia* er nýlega uppgötvuð. Hún fannst fyrst við austurströnd Norður-Ameríku árið 1996 og barst til Helgolands í Norðursjó árið 2002.[21] Á báðum þessum stöðum eru til samfelld gögn um svifþörunga marga áratugi aftur í tímann en tegundarinnar hafði aldrei orðið vart.[22,23] Það er talið næsta víst að hún hafi borist í Norður-Atlantshafið, hugsanlega með kjölfestuvatni, um það leyti sem hún fannst í fyrsta skipti. Það er hins vegar enn ráðgáta hvaðan hún barst þar sem hún hefur ekki fundist annars staðar, enn sem komið er.

Í Vaðhafi í Norður-Þýskalandi hefur *M. helysia* nú fest sig í sessi og hefur undanfarin ár vaxið upp í miklum þéttleika á sumrin. Hún hefur haft yfirhöndina í samkeppni við aðrar svifþörungategundir um næringu og ljós og við það hefur tegundafjölbreytni svifþörungasamfélagsins minnkað. *M. helysia* er því skilgreind þar sem ágeng tegund.[24]

Botnþörungar

Sagþang, *Fucus serratus* Linnaeus

Sagþang (*Fucus serratus*) (4. mynd) er upprunnið við Atlantshafsstrendur Evrópu og barst að öllum líkindum til Íslands með mönnum. Fyrstu skráðu heimildir um sagþang á Íslandi eru frá því um aldamótin 1900, í Vestmannaeyjum og í Hafnarfirði.[25] Útbreiðslusvæði sagþangs nær nú frá Junkaragerði skammt sunnan við Hafnir á utanverðu Reykjanesi norður um og samfellt til Reykjavíkur. Sagþang vex einnig í Vestmannaeyjum. Annað samfellt fjörusvæði með sagþangi fannst nýlega í innanverðum Hvalfirði þar sem það hafði ekki vaxið áður. Erfðafræðilegar athuganir benda til að sagþang hafi borist til landsins frá Noregi, nánar tiltekið úr Óslóarfirði, fyrir nokkur hundruð árum, en fyrst orðið hér vart um aldamótin 1900, og síðan borist tiltölulega nýlega frá Íslandi til Færeyja.[26] Margt bendir til að sagþang hafi borist með skipum til landsins, einkum sú staðreynd að það fannst fyrst í námunda við hafnir. Sama er að segja um sagþang í Færeyjum. Þar finnst það eingöngu í innanverðum Trongisvágsfirði við stærstu höfn Suðureyjar.[27]

Blendingar sagþangs og skúfþangs (*Fucus distichus*) eru sérstaklega algengir á svæðum þar sem tegundirnar hafa lifað stutt í nábýli hvor við aðra, þ.e. önnur tegundin hefur flust inn á búsvæði hinnar.[28] Á Íslandi eru blendingar algengir, einkum í jaðri útbreiðslusvæðis sagþangs.[26]

Á upprunalegu útbreiðslusvæði tegundarinnar í Vestur-Evrópu er sagþang talið víkjandi í samkeppni við þang- og þarategundir sem það keppir við um vaxtarstaði.[29]

*4. mynd. Sagþang (*Fucus serratus*). Ljósm./Photo: Karl Gunnarsson.*



*5. mynd. Rauðflóki (*Bonnemaisonia hamifera*). Ljósm./Photo: Svanhildur Egilsdóttir.*

Athuganir hér á landi hafa hins vegar sýnt að þar sem sagþang hefur náð fótfestu verður það ríkjandi í neðri hluta fjörunnar og þangtegundir sem fyrir eru víkja.[30,31] Í því ljósi er sagþangið talin ágeng tegund.

Rauðflóki, *Bonnemaisonia hamifera* Hariot

Kyrrahafstegundin rauðflóki (*Bonnemaisonia hamifera*) fannst fyrst við strendur Evrópu í lok 19. aldar. Frá Evrópu barst tegundin til austurstrandar Norður-Ameríku þar sem hún fannst fyrst árið 1927.

Við Ísland fannst rauðflóki (5. mynd) fyrst á árunum milli 1964 og 1975. Tegundin fannst þá í Dýrafirði þar sem hún óx á skúfþangi (*Fucus distichus*).[32] Síðar, árið 2004, fannst þörungurinn einnig í Hvalfirði þar sem hann óx neðan fjöru á kóralþörungnum *Lithothamnion sp.*[33]

Í lífsferli rauðflóka eru tveir ættliðir, gróliður og kynliður, og eru þeir ólíkir útlits. Gróliðurinn er gerður úr fíngerðum, greinóttum þráðum sem ýmist eru skriðulir eða mynda litla skúfa, en kynliðurinn er stærri og myndar þykkari greinar. Einungis gróliðurinn hefur fundist hér við land. Rannsóknir hafa sýnt að gróliðir geta myndað gró ef hiti er hærri en 10°C þegar dagur er stuttur, þ.e. sól skín skemur en 12 tíma daglega.[34] Það hendir stöku sinnum hér við land að hitastig sjávar helst hærra en 10°C eftir haustjafndægur en sá hiti varir e.t.v. ekki nógu lengi til að plönturnar nái að fullþroska gró, þau spíri og upp vaxi kynliðir.

Víða í Norður-Atlantshafi þar sem rauðflóki hefur komið sér fyrir er hann algengur en hér við land er hann sjaldgæfur, a.m.k. ennþá, og getur því ekki talist ágengur.

Hafkyrja, *Codium fragile* (Suringar) Hariot

Grænþörungurinn hafkyrja (*Codium fragile*) (6. mynd) fannst fyrst við Ísland árið 1974 í Hvalfirði[35] og síðar einnig á Vatnsleysuströnd og við Hafnir á utanverðu Reykjanesi.[33] Í Hvalfirði og við Hafnir vex hafkyrja á hrúðurkörlum á grunnu vatni, neðan fjörunnar, en á Vatnsleysuströnd vex hún í fjörupollum, allra efst í fjörunni. Hafkyrja vex á vorin upp af þráðum eða þalbrotum sem hafa lifað af veturinn. Hún vex yfir sumarið og verða stærstu plöntur um 15 cm háar. Hafkyrja hverfur svo aftur sjónum að hausti en eftir verða þræðir á botninum sem nýjar plöntur spretta upp af næsta vor. Ekki hafa fundist æxlunarfæri á hafkyrju hér við land. Rannsóknir hafa sýnt að hafkyrja getur myndað æxlunarfæri ef hitastig sjávar er hærra en 12°C.[36] Hér við land verður sjávarhiti oft hærri í lok sumars inni á fjörðum suðvestan- og vestanlands.[37] Því gæti hafkyrja hugsanlega æxlast hér við land í heitum árum eða a.m.k. þroskað æxlunarfæri.

Talið er að hafkyrja hafi borist úr Kyrrahafi í Norður-Atlantshaf á 19. öld. Hafkyrja er mjög breytileg í lögun og benda rannsóknir til að líklega sé um að ræða tvær undirtegundir, *fragile* og *atlanticum*. Talið er að einungis undirtegundin *fragile* sé aðflutt úr Kyrrahafi og *atlanticum* hafi þróast við Atlantshafsstrendur Evrópu.[38]

Víða á útbreiðslusvæði sínu í Norður-Atlantshafi er hafkyrja ágeng. Hún hefur sums staðar náð miklum þéttleika og rutt burt innlendum tegundum. Einnig hefur hún valdið tjóni við sjávarnytjar, svo sem þar sem hún hefur tekið sér bólfestu á skelfiski.[39,40] Hér við land er hafkyrja hins vegar hvergi algeng. Rúm 40 ár eru liðin síðan hún fannst hér og hún er enn sjaldgæf. Hafkyrja getur því ekki talist ágeng nú um stundir, hvað sem verður í framtíðinni.

*6. mynd. Hafkyrja (*Codium fragile*). Ljósm./Photo: Svanhildur Egilsdóttir.*

Krabbadýr

Grjótkrabbi, *Cancer irroratus* Say, 1817

Grjótkrabbi (*Cancer irroratus*) (7. mynd) fannst fyrst hér við land árið 2006, í Hvalfirði.[41] Þetta var jafnframt fyrsti fundur tegundarinnar utan náttúrulegs útbreiðslusvæðis síns meðfram austurströnd Norður-Ameríku.[42] Þessi tiltölulega stóra krabbategund, með skjaldarbreidd allt að 15 cm, er talin hafa borist hingað með kjölfestuvatni.[41] Hærri sjávarhiti við Ísland á undanförnum áratugum[43] hefur hugsanlega auðveldað landnámið. Frá landnámi hefur grjótkrabbinn breiðst hratt út með vesturströnd landsins og norður fyrir land og hefur nú numið um 50% af strandlengju Íslands. Í hinu nýja búsvæði grjótkrabbans keppa fáar krabbategundir við hann um fæðu, aðallega bogkrabbi (*Carcinus maenas*) og trjónukrabbi (*Hyas araneus*). Þrátt fyrir að stutt sé liðið frá landnámi virðist grjótkrabbinn vera orðinn ráðandi tegund við suðvesturströnd landsins, hvort sem litið er til fullorðinna krabba eða lirfa í uppsjó, og hefur því tekið sér bólfestu hér við land.[41] Áætlaður þéttleiki grjótkrabba hefur verið metinn um 0,12 krabbar/m^2 á mjúkum botni,[44] sem er sambærilegur þéttleiki og í upprunalegum heimkynnum krabbans í Norður-Ameríku.[45]

Rannsóknir sem gerðar hafa verið á grjótkrabba sýna að erfðabreytileikinn er mikill við Ísland, svipaður og hann er í stofnum í Ameríku.[46,47] Enn er lítið vitað um áhrif grjótkrabba á botndýrafánu við Ísland. Sé tekið mið af stærð grjótkrabbans og ósérhæfðu fæðuvali er ljóst að hann er fær um að hafa marktæk áhrif á fjölda botndýrategunda með afráni, samkeppni um búsvæði eða í gegnum óbeina fæðuþrepsmögnun (e. *trophic cascade*).

Stærð og þéttleiki fullorðinna grjótkrabba, fundur kvendýra með egg og allra lirfustiga í svifi, mikill erfðabreytileiki og hröð útbreiðsla tegundarinnar með ströndum landsins benda til þess að hinn nýi stofn grjótkrabba sé heilbrigður og þrífist vel við Ísland. Miðað við núverandi vitneskju bendir margt til að grjótkrabbinn hafi burði til að verða að ágengri tegund hér við land. Engar beinar rannsóknir hafa þó enn farið fram á áhrifum krabbans á vistkerfi botnsins.

*7. mynd. Grjótkrabbi (*Cancer irroratus*). Ljósm./Photo: Óskar Sindri Gíslason.*

Sandrækja, *Crangon crangon* (Linnaeus, 1758)

Sandrækja (*Crangon crangon)* (8. mynd) fannst fyrst við Ísland árið 2003 á Álftanesi.[48] Í ljósi fundar tegundarinnar á norðurheimskautssvæðum og tilfallandi fundar tegundarinnar við Ísland á seinni hluta 19. aldar[49,50] er áhugavert að landnáms skuli ekki hafa orðið vart fyrr. Náttúruleg heimkynni sandrækju eru við vesturströnd Evrópu, í Miðjarðarhafi og Svartahafi[50] og er hún oft í miklum þéttleika.[51] Frá landnámi hefur sandrækjan breiðst hratt með suður- og vesturströnd landsins og hefur að auki fundist við landið suðaustanvert.[48,52] Þar sem lirfustig sandrækju varir mjög stutt er ólíklegt að hún hafi borist yfir hafið með straumum. Í ljósi þess og útbreiðslusögu tegundarinnar hér við land er líklegast að hún hafi borist hingað með kjölfestuvatni.[48] Vistfræðileg áhrif sandrækju hér við land hafa ekki verið metin en þéttleiki hennar hefur verið mældur allt að 67 einstaklingar/m^2 [48] og hefur tegundin náð hér fótfestu. Sandrækjan er rándýr, virkust á nóttunni, og ræðst fæðuval af þéttleika aðgengilegrar fæðu.[53] Sandrækja er talin áhrifamikill afræningi skarkola-

*8. mynd. Sandrækja (*Crangon crangon*). Ljósm./Photo: Hans Hillewaert.*

seiða (*Pleuronectes platessa*) á uppeldissvæðum.[54,55,56] Skarkoli er verðmæt nytjategund við Ísland og er hugsanleg ágengni sandrækjunnar hér því sérstakt áhyggjuefni.

Fitjafló, *Orchestia gammarellus* (Pallas, 1766)

*9. mynd. Fitjafló (*Orchestia gammarellus*). Ljósm./Photo: Svanhildur Egilsdóttir.*

Fjörumarflóin fitjafló (*Orchestia gammarellus*) (9. mynd) fannst fyrst hér við land í Fossvogi árið 1968.[57] Síðan hefur hún fundist á allmörgum stöðum við Suður- og Suðvesturland og hefur meira eða minna samfellda útbreiðslu frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur. Seinna hefur fitjaflóin einnig fundist á nokkrum stöðum við Vestfirði en er þar bundin við heitar uppsprettur í fjörum.[58] Á hverasvæðunum nær tegundin fullum þroska á einu ári en það tekur hana tvö ár við Suðvesturland.[59] Egg og ungviði fitjaflóar þroskast á kvendýrinu og losna ekki fyrr en þau geta bjargað sér sjálf í fjörunni, en engin sviflæg lirfustig eru til staðar. Dreifingarmöguleikar tegundarinnar eru því takmarkaðir og er talið líklegt að hún hafi borist til landsins með skipum frá Evrópu, hugsanlega með sandi eða fjörugrjóti sem notað hefur verið sem kjölfesta. Náttúrulegt útbreiðslusvæði fitjaflóar er frá norðurströnd Afríku allt norður að Þrándheimi í Noregi og að Færeyjum en hún finnst einnig við Nova Scotia í Kanada.[60] Erfðarannsóknir benda til að stofnarnir við Ísland séu náskyldir innbyrðis og að þeir hafi borist tiltölulega nýlega frá Vestur-Evrópu.[60]

Praunus flexuosus (Müller, 1776)

Ögnin (Mysidacea) *Praunus flexuosus* (10. mynd) fannst fyrst hér við land árið 1970 í Skerjafirði við Reykjavík.[61] Tegundin er nú mjög algeng við Suðvesturland þar sem hún lifir innan um þang og þara í fjörunni eða á grunnu vatni. *P. flexuosus* finnst mjög oft með annarri algengri, innlendri ögn, *Mysis oculata*. Náttúruleg heimkynni *P. flexuosa* eru í Vestur-Evrópu, frá Svalbarða til Ermasundsstrandar Frakklands. *P. flexuosus* barst til austurstrandar Norður-Ameríku um miðja 20. öld, sennilega með skipum, og er talið líklegt að hún hafi borist hingað með sama hætti.[61] Tiltölulega litlar rannsóknir hafa farið fram á ögnum við Íslandi fyrir fund *P. flexuosus* og er því erfitt að álykta um hvenær hún barst uppphaflega til landsins og hvaðan.[62]

Samlokur

Sandskel, *Mya arenaria* Linnaeus, 1758

11. mynd. Sandskel (Mya arenaria*). Ljósm./Photo: Guðrún G. Þórarinsdóttir.*

Sandskel (*Mya arenaria*) (11. mynd) er algeng í Evrópu[63] og er talið hugsanlegt að hún hafi borist þangað af mannavöldum, á 13. öld, frá austurströnd Norður-Ameríku þar sem tegundin á náttúruleg heimkynni.[64] Fyrsti fundur sandskeljar við Ísland var í Hornafirði árið 1958[65] en skelin hefur fundist víða eftir það[66] og náð hér fótfestu. Sandskelin hefur að öllum líkindum borist til Íslands með kjölfestuvatni og þá líklega frá Evrópu. Erfitt er að greina áhrif landnáms sandskeljar við Ísland

10. mynd. Ögnin Praunus flexuosus*. Ljósm./Photo: Andreas Werth.*

á lífríkið en skelin er að öllum líkindum í samkeppni við aðrar skeljategundir á sömu svæðum um fæðu og pláss. Hún er þó í tiltölulega litlum þéttleika[66] og getur því varla talist ágeng hér við land, hvað sem verður í framtíðinni. Í Eystrasalti[67] og í Danmörku[68,69] er sandskel talin ágeng tegund og hefur valdið miklum breytingum á lífríki síðustu áratugina.

Hjartaskel, *Cerastoderma edule* (Linnaeus, 1758)

Hjartaskel (*Cerastoderma edule*) (12. mynd) er útbreidd víða í Norðaustur-Atlantshafi[63] en fannst fyrst við Ísland í Faxaflóa árið 1948.[65] Útbreiðslan hefur aukist mikið síðan en er þó bundin við Vesturland. Hjartaskel hefur líklegast borist til

12. mynd. Hjartaskel (Cerastoderma edule)*. Ljósm./Photo: Guðrún G. Þórarinsdóttir.*

landsins með kjölfestuvatni frá náttúrulegum heimkynnum sínum í Vestur-Evrópu. Erfitt er að meta áhrif tegundarinnar á lífríkið þar sem skelin finnst alltaf í tiltölulega litlum þéttleika og er því varla ágeng. Hún gæti þó verið í samkeppni við aðrar samlokur um fæðu og pláss, svo sem sandskel, kúfskel og krókskel.

Möttuldýr

Glærmöttull, *Ciona intestinalis* (Linnaeus, 1767)

Glærmöttull (*Ciona intestinalis*) (13. mynd) er eina framandi möttultegundin sem fundist hefur við Ísland. Hans varð fyrst vart í Straumsvík árið 2007.[70] Árið 2010 fannst tegundin síðan undir flotbryggjum í nokkrum höfnum á Suðvesturlandi. [71]

Glærmöttull er algeng ásæta á skipsskrokkum, bryggjum, baujum og eldiskvíum og er talinn hafa breiðst út með skipum fyrst og fremst. Glærmöttull finnst nú um allan heim, að Suðurskautslandinu undanskildu, og er talinn upprunninn í Norður-Atlantshafi en hefur flust til annarra heimshafa af mannavöldum.[72] Þar sem glærmöttull hefur numið land sem framandi tegund telst hann víðast hvar ágengur.[73,74] Glærmöttull hefur valdið skaða í skeljarækt, er í samkeppni við skelina um pláss og fæðu, hann er ásæta, bæði á skel og ræktunarútbúnaði, og hefur valdið miklu fjárhagslegu tjóni.

Lirfustig glærmöttuls varir mjög stutt og sest lirfan í nágrenni við foreldrana.[75] Hann hefur því að öllum líkindum borist til landsins sem ásæta á skipsskrokkum. Hann er sjaldgæfur hér við land, a.m.k. enn sem komið er, og getur því ekki talist ágengur en líklegt er að hann geti orðið það.

Fiskar

Flundra, *Platichthys flesus* (Linnaeus, 1758)

Flundra (*Platichthys flesus*) (14. mynd) hefur náttúrulegt útbreiðslusvæði í Norðaustur-Atlantshafi. Hún er algeng á grunnsævi við meginland Vestur-Evrópu og eins í Færeyjum.[76] Fyrsti skráði fundur flundru við Ísland var haustið 1999 í mynni Ölfusár[77] en síðan hefur hennar orðið vart víða. Nú finnst hún í sjó, ísöltu vatni og ferskvatni réttsælis frá sunnanverðum Austfjörðum til Skagafjarðar og hefur náð hér fótfestu.[78] Flundra hefur sennilega flust til Íslands af mannavöldum, með kjölfestuvatni. Sú flutningsleið er þekkt frá Bandaríkjunum þar sem flundran hefur einnig fundist.[79] Um áhrif flundru á íslenskt lífríki er lítið vitað en þó er ljóst að hún stundar afrán á laxfiskaseiðum og er í samkeppni um fæðu við laxfiska, ál og hornsíli.[80] Gæti tegundin því orðið ágeng við Ísland.

*13. mynd. Glærmöttull (*Ciona intestinalis*). Ljósm./Photo: Pálmi Dungal.*

Græni marhnútur, *Taurulus bubalis* (Euphrasen, 1786)

Græni marhnútur (*Taurulus bubalis*) (15. mynd) fannst fyrst hér við land árið 2005, við Vatnsleysuströnd. Árið eftir veiddust nokkrir fiskar í fjörupolli á Seltjarnarnesi,[81] meðal annars kynþroska hængur. Græni marhnútur er grunnsævisfiskur sem lifir fyrst og fremst í fjörum. Hann er um 10 cm að lengd, og eru náttúruleg heimkynni hans við Atlantshafsstrendur Vestur-Evrópu, í Eystrasalti og í Miðjarðarhafi vestanverðu. Í byrjun 20. aldar töldu

*14. mynd. Flundra (*Platichthys flesus*). Ljósm./Photo: Jónbjörn Pálsson.*

*15. mynd. Græni marhnútur (*Taurulus bubalis*). Ljósm./Photo: Jónbjörn Pálsson.*

danskir fiskifræðingar sig finna lirfur græna marhnúts víða úti fyrir Suður- og Vesturlandi[82] en við nánari skoðun kom í ljós að um var að ræða lirfur litla marhnúts (*Micrenophrys lilljeborgii*).[83,84] Talið er líklegt að græni marhnútur hafi borist nýlega hingað til lands með kjölfestuvatni (Jónbjörn Pálsson munnl. uppl.). Græni marhnútur er fremur sjaldgæfur og hefur einungis fundist við Suðvesturland. Hann telst ekki ágengur.

Umræða og ályktanir

Á síðustu áratugum hefur fjöldi framandi sjávarlífvera við Íslandsstrendur aukist til muna. Vart hefur orðið fimmtán tegunda sem tilheyra svifþörungum, botnþörungum, krabbadýrum, samlokum, möttuldýrum og fiskum, og hafa sjö þeirra fundist á síðustu tveimur áratugum (1. tafla).

Enn sem komið er hafa ekki verið gerðar miklar rannsóknir á áhrifum framandi tegunda í sjó á innlendar tegundir eða búsvæðið þar sem þær taka sér bólfestu. Rannsóknir hafa þó sýnt að sagþang og svifþörungurinn *Heterosigma akashiwo* eru eða hafa verið ágengar hér við land. Sagþang hefur orðið ríkjandi í sínu búsvæði og þangtegundir sem fyrir eru víkja,[30,31] en *H. akashiwo* olli miklum fiskidauða.[13] Um aðrar tegundir höfum við aðeins óbeinar vísbendingar eða engar. Þrjár þeirra, grjótkrabbi, sandrækja og flundra, eru hugsanlega þegar orðnar ágengar miðað við lifnaðarhætti þessara tegunda, útbreiðslu þeirra og hversu algengar þær eru orðnar. Hafkyrja, sandskel, glærmöttull og svifþörungategundin *Mediopyxis helysia* gætu orðið ágengar í framtíðinni þótt þær teljist það ekki nú. Þessar tegundir hafa orðið ágengar og jafnvel valdið skaða þar sem þær hafa numið land annars staðar í heiminum. Um aðrar tegundir vitum við lítið.

Flutningsleið flestra þessara tegunda hefur að öllum líkindum verið kjölfestuvatn. Um fjórar þeirra, þörungana sagþang, rauðskúf og hafkyrju og möttuldýrið glærmöttul, er þó líklegra að þær hafi borist sem ásætur á skipum, eða hugsanlega á kjölfestugrjóti í tilfelli sagþangs. Lítið er vitað með vissu um hvaðan tegundirnar bárust til landsins, en þó má ráða af útbreiðslu nokkurra þeirra hvaðan þær koma. Sandrækja, og hjartaskel lifa eingöngu við strendur Evrópu og hafa því borist þaðan. Hins vegar hafði grjótkrabbi einungis fundist við austurströnd Norður-Ameríku þar til hann

1. tafla. Framandi sjávarlífverur við Ísland. – Alien marine organisms in Icelandic waters.

Tegund *Species*	Fyrsti fundur *First recorded*	Líkleg flutningsleið *Probable pathway*	Ágeng *Invasive*	Heimildir *References*
Plöntusvif *(phytoplankton)*				
Heterosigma akashiwo	1987, SV-land	Skip – *Shipping*	Já – *Yes*	17
Stephanopyxis turris	1997, SV-land	Skip – *Shipping*	Nei – *No*	20
Mediopyxis helysia	2007, V-land	Skip – *Shipping*	Nei – *No****	20
Botnþörungar (*macroalgae*)				
Fucus serratus	1900,* SV-land	Skip – *Shipping*	Já – *Yes*	25
Bonnemaisonia hamifera	1964–75,** V-land	Skip – *Shipping*	Nei – *No*	32
Codium fragile	1974, SV-land	Skip – *Shipping*	Nei – *No****	35
Krabbadýr (*crustacea*)				
